

FORSETA BRÉF

um að Alþingi skuli koma saman til fundar laugardaginn 10. október 1964.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt:

Ég hef ákveðið, samkvæmt tillögu forsætisráðherra, að Alþingi skuli koma saman til fundar laugardaginn 10. október 1964.

Um leið og ég birti þetta, er öllum, sem setu eiga á Alþingi, boðið að koma nefndan dag til Reykjavíkur og verður þá Alþingi sett að lokinni guðþjónustu í dómkirkjunni, sem hefst kl. 13.30.

Gjört í Reykjavík, 25. september 1964.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Bjarni Benediktsson.

AUGLÝSING

um staðfestingu forseta Íslands á breytingu á reglugerð fyrir Háskóla Íslands.

Forseti Íslands hefur hinn 2. þ. m. samkvæmt tillögu ráðuneytisins staðfest eftirfarandi breytingu á reglugerð nr. 76/1958 fyrir Háskóla Íslands:

1. gr.

Upphaf 32. gr. 2. mgr. orðist svo:
Srásetningargjald er 1000 krónur.

2. gr.

43. gr. 2. orðist svo:

2. Kennslugreinar í viðskiptadeild eru þessar:

1. Almenn þjóðhagfræði.
2. Hagnýt þjóðhagfræði.
3. Almenn rekstrarhagfræði.
4. Sérgreind rekstrarhagfræði.
5. Íslensk haglýsing.
6. Lögfræði.
7. Bókfærsla fyrir stúdenta á 1. námsári.
8. Reikningshald.
9. Verklegar æfingar í bókfærslu og reikningsskilum, endurskoðun og skattskil.
10. Tölfræði.
11. Viðskiptareikningur.
12. Enska.
13. Stærðfræði.